

Mánudaginn 28. maí 1984.

Nr. 4/1984.

**Alþýðusamband Íslands f.h.
Sjómannasambands Íslands vegna
Véltjórafélags Suðurnesja**

(Viðar Már Matthíasson hdl.)

gegn

Hitaveitu Suðurnesja

(Benedikt Blöndal hrl.).

Kjarasamningur. „Orlofskostnaður“.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 14. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 10. apríl 1984.

Stefnandi málsins er Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Véltjórafélags Suðurnesja, nnr. 9175-5890, Hafnargötu 37 A, Keflavík.

Stefndi er Hitaveita Suðurnesja, nnr. 4151-2393, Vesturgötu 10 A, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að félagar í Véltjórafélagi Suðurnesja, sem starfa hjá stefnda, eigi rétt til greiðslu samkvæmt 4. gr. í samningi Landsvirkjunar og Véltjórafélags Íslands frá 15. júní 1982, sem gildi frá 1. júní 1982 til 30. apríl 1983. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

I.

Hinn 24. maí 1982 ritaði Véltjórafélag Suðurnesja stefnda bréf, þar sem bent var á, að gildandi kjarasamningur aðila rynni út 30. júní 1982. Jafnframt var óskað yfirlýsingar stefnda um það, hvort fallist yrði á, „að kaupliðir og gildistími samningsins verði þeir sömu og um kann að semjast í samningaumleitunum Landsvirkjunar og viðsemjenda þeirra vegna véltjóra þar“. Stefndi svaraði bréfi þessu 28. maí 1982. Þar segir m.a.: „Samþykkt að verða við þessu, hvað varðar kaupliði og gildistíma.“

Véltjórafélag Suðurnesja ritaði stefnda 26. október 1982 bréf, þar sem segir svo:

„Nýr kjarasamningur var undirritaður þann 6. okt. 1982 milli Landsvirkjunar annars vegar og Véltjórafélags Íslands hins vegar,, með breytingu kaupliða sem hér segir:

- a) Öll laun hækki um 4% frá 1. júlí 1982.
- b) Byrjunarlaun hækki um 12% 1. okt. 1982 eftir fimm ára starf hjá H.S.
- c) Öll laun hækki um 2,1% 1. jan. 1983.
- d) Byrjunarlaun hækki um 14% 1. marz 1983 eftir sjö ára starf hjá H.S.

Óskar félagið því, að eftirfarandi kaupskrá taki gildi fyrir vélfræðinga/véltjóra í þjónustu Hitaveitu Suðurnesja frá sama tíma og um ræðir í samningi Landsvirkjunar, samanber bréf yðar frá 28. maí 1982.

Verður kaupskráin því frá og með 1. okt. 1982 eftirfarandi:

Grunnlaun:

| | |
|-------------------------------|---------------|
| Byrjunarlaun | Kr. 11.884,76 |
| Eftir eins árs starf | — 12.479,99 |
| Eftir þriggja ára starf | — 12.954,39 |
| Eftir fimm ára starf | — 13.310,93 |
| Eftir sjö ára starf | — 13.548,63“ |

Í svarbréfi stefnda, dagsettu 1. nóvember 1982, segir, að stjórn Hitaveitunnar „samþykkir kröfu yðar, hvað varðar kaupliði og gildistíma“.

Véltjórafélag Suðurnesja ritaði stefnda enn bréf, dagsett 10. nóvember 1982. Þar segir:

„Með bréfi f.h. Véltjórafélags Suðurnesja, dags. 26. okt. 1982, vísaði ég til kjarasamnings Landsvirkjunar (LV) annars vegar og Véltjórafélags Íslands (VSFÍ) hins vegar, sem fól í sér launahækkunir fyrir vélfræðinga/véltjóra hjá LV, sem þér með bréfi, dags. 1. nóv. sl., samþykktuð, að kæmi til hækkunar á launum vélfræðinga/véltjóra í þjónustu yðar.

Nú hefur komið í ljós við nánari eftirgrennslan, að þann 1. júní sl. hafði kjarasamningur við LV vegna áður nefndra aðila tekið breytingum, sem fólu í sér hækkun á launum dagvinnuvéltjóra um 1,7% og vaktavinnuvéltjóra um 1,3%. Þessi hækkun kemur ekki til hækkunar á grunnlaunum. Þessi hækkun er umfram það, sem

kom fram í bréfi mínu, dags. 26. okt. sl., undir liðunum a - b - c og d.

Þá hafði einnig samist um milli LV og VSFÍ grein um aukagreiðslu vegna orlofskostnaðar, sem hljóðar svo:

„Við orlofstöku ár hvert skal hver vélfræðingur, sem þá er í starfi og unnið hefur síðasta orlofsár hjá LV (HS), fá greitt 44% af grunnlaunum mánaðarkausps til að standa straum af hluta orlofskostnaðar. Þeir, sem skemur hafa unnið, skulu fá hlutfallslega greiðslu.“
Ég hef hugsað mér, að gildistími ofanritaðra atriða væri 1. nóv. 1982 til 31. ágúst 1983.

Þá vil ég minna á ákvæði í síðasta samningi milli Hitaveitu Suðurnesja og Vélstjórafélags Suðurnesja, sem fram kemur í b-lið 15. kafla þessa samnings.

Með bréfi mínu frá 26. okt. sl. tel ég ekki fullnægt því, sem fólst í bréfi félagsins frá 24. maí 1982, sem þér svöruðuð með bréfi dags. 28. maí s.m., þar sem á laun vantar þá hækkun, sem varð á launum starfsmanna LV 1. júní sl.

Með ósk um velvilja stjórnar Hitaveitu Suðurnesja í þessu máli.“

Í svarbréfi stefnda dagsettu 29. nóvember 1982 er tekið fram:

„Stjórn H.S. hefur rætt bréf yðar frá 10. nóv. 1982.

a) Stjórnin ályktar, að krafa yðar um 1,7% hækkun á launum dagvinnuvéltjóra og 1,3% hækkun á launum vaktavinnuvéltjóra hafi verið samþykkt af stjórn 29. okt. 1982, sbr. bréf til yðar 1. nóv. 1982.

b) Kröfu yðar um greiðslu á hluta orlofskostnaðar er hafnað.“

Aðilar málsins hafa ekki getað samið um hérgreint ágreiningsefni. Hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

II.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi fallist á með bréfum sínum frá 28. maí 1982 og 1. nóvember 1982, að tiltekinn kjarasamningur skyldi gilda um vinnuréttarsamband hans og starfandi vélfræðinga í þjónustu hans, að því er kaupliði varðar og gildistíma. Hinn tiltekni kjarasamningur milli Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands liggja frammi í málinu sem dómskjal nr. 15, dagsettur 15. júní 1982, og 4. gr. hans fjalli einmitt um hið umdeilda ákvæði, en orðrétt hljóði hún svo:

„Við orlofstöku ár hvert skal hver vélfræðingur, sem þá er í starfi og unnið hefur síðasta orlofsár hjá Landsvirkjun, fá greiddar kr.

4.235,00 miðað við laun 1. maí 1982 til að standa straum af hluta orlofskostnaðar. Upphæð þessi fylgir launabreytingum. Þeir, sem skemur hafa unnið, skulu fá hlutfallslega greiðslu. Í ár skal greiðslan þó nema 10/14 hlutum af þessari upphæð.“

Stefnandi líti svo á, að í ofangreindu ákvæði sé fjallað um atriði, sem óhjákvæmilega teljist til „kaupliða“. Stefndi hafi því fallist á með hinu almennt orðaða samþykki sínu, sem tók til „kaupliða“, að greiða einnig fjárhæð til að standa straum af orlofskostnaði. Ef stefndi ætti að hafa rétt til að synja um greiðslu samkvæmt þessu umþrætta ákvæði, hefði honum borið að undanskilja ákvæðið sérstaklega. Það hafi hann ekki gert. Beri því að taka kröfurnar til greina.

Kröfum stefnanda sé beint að stefnda á grundvelli 1. mgr. 45. gr. in fine laga nr. 80/1938. Til stuðnings kröfunum sé vísað til m.a. 6. og 7. gr. laga nr. 80/1938 og 1. gr. laga nr. 55/1980 svo og til almennra reglna um samninga og túlkun þeirra.

Því er haldið fram, að það hafi verið á árinu 1976, sem hafist var handa um að reisa orkuver Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi. Á árinu 1978 hafi Vélstjórafélag Suðurnesja óskað eftir viðræðum um gerð kjarasamnings vegna vélstjóra, er störfuðu hjá Hitaveitu Suðurnesja, og hafi fyrsti kjarasamningur milli aðilja verið undirritaður þann 9. ágúst 1979. Við þá samningsgerð hafi þágildandi kjarasamningur milli Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands verið mjög hafður til hliðsjónar og hafi starfskjör vélstjóra hjá Landsvirkjun og hjá stefnda verið mjög hliðstæð, t.d. séu laun í dag þau sömu og kaupliðir einnig að öðru leyti en því, að stefndi synji um greiðslu á umræddum orlofskostnaði. Nú séu sex félagsmenn stefnanda í starfi hjá stefnda. Stefnandi fullyrði, að ætlun aðila með bréfaskiptum sínum hafi verið, að vélstjórar hjá stefnda fengju sömu kjarabætur og um kynni að semjast milli Landsvirkjunar og viðsemjenda þeirra vegna vélstjóra þar.

Af hálfu stefnanda er vitnað í b-lið 15. kafla kjarasamnings aðilanna frá 12. júní 1981, en þar stendur: „Launaliður á gildistíma samningsins skal taka sömu launabreytingum og kunna að verða á hliðstæðum samningum.“ Þetta ákvæði sýni, að það hafi alltaf verið ætlunin, að vélstjórar hjá stefnda hefðu sömu kjör og vélstjórar hjá Landsvirkjun.

Þá er á það bent, að í 6. kafla síðast greinds kjarasamnings, sem

fjalli um lágmarkslaun og fleira, sé í f-lið ákvæði um svofellda desemberuppbót, „launauppbót, sem nemur 44% af byrjunarlaunum ...“ Þar sé um að ræða sams konar kaupuppbót og deilt sé um í málinu.

III.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að mál þetta sé mjög einfalt. Vélstjórafélag Suðurnesja hafi lagt til ákveðna lausn á kjaradeilu, sem stefndi hafi fallist á og í hafi falist samningur um að hlíta niðurstöðu kjarasamnings vélstjóra hjá Landsvirkjun um kaupliði og gildistíma kjarasamnings. Þegar svo þessi samningur hafi legið fyrir, hafi Vélstjórafélagið lýst skilningi sínum á honum við stjórn stefnda. Stjórnin hafi fallist á skilning Vélstjórafélagsins. Þá hafi það ekki verið skilningur Vélstjórafélagsins, að þátttaka í orlofskostnaði félli innan þess, er um hafði verið samið, þ.e. kaupliða. Þess vegna hafi Vélstjórafélagið nokkru síðar borið fram ósk um, að um þetta atriði yrði samið sérstaklega, og hafi ætlað því annan gildistíma en samningnum að öðru leyti. Þessari málaleitun hafi stjórn stefnda hafnað og við það sitji.

Því sé mótmælt, að þátttaka í orlofskostnaði teljist launauppbót. Hér sé um að ræða greiðslu á kostnaði, eins og skilgreining greiðslunnar beri með sér. Slík greiðsla geti aldrei talist til launa fremur en þátttaka í rekstrarkostnaði bifreiðar, svo að dæmi sé tekið.

Samningur hafi komist á um þau atriði, sem fram koma í bréfaskiptum aðila, og hafi 4. gr. samnings Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands aldrei orðið hluti þess samnings.

Skýrt sé tekið fram í kjarasamningnum, að desemberuppbótin sé launauppbót. Hún sé því alls ekki sambærileg við samning um greiðslu á kostnaði við orlof.

IV.

Niðurstæða dómsins.

Í 7. gr. samnings Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands frá 15. júní 1982 segir svo:

„Að loknum almennum kjarasamningum ASÍ-félaganna skulu teknar upp viðræður milli aðila samnings þessa um endurskoðun kaupliða með tilliti til þeirra samninga.“

Á dómskjali nr. 22 er samningur Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands frá 6. október 1982. Er hann svohljóðandi:

„SAMKOMULAG
milli

Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands um breytingu á kaupliðum á grundvelli ákvæða 7. gr. samnings dags. 15. júní 1982 og gildistíma.

1. gr.

- a. Frá og með 1. júlí 1982 hækki öll laun um 4%.
- b. 1. október 1982 hækki laun um 12% á grunnlaun hjá þeim starfsmönnum, sem náð hafa 5 ára starfsaldri hjá Landsvirkjun.
- c. 1. janúar 1983 hækki öll laun um 2,1%.
- d. 1. mars 1983 hækki öll laun um 14% frá grunnlaunum hjá þeim starfsmönnum, sem náð hafa 7 ára starfsaldri hjá Landsvirkjun.

2. gr.

Gildistími samningsins framlengist til 31. ágúst 1983.“

Þegar samningur Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands 15. júní 1982 er virtur svo og samkomulag sömu aðila frá 6. október 1982 og höfð eru í huga bréfaskipti Vélstjórafélags Suðurnesja við stefnda, sem rakin eru í kafla I hér að framan, og málavextir virtir að öðru leyti, þykir eigi sjálfgefið, þrátt fyrir orðalag b-liðar 15. gr. kjarasamnings málsaðila, að vélstjórar í þjónustu stefnda hafi rétt á greiðslu „til að standa straum af orlofskostnaði“. Þá þykir stefnandi ekki hafa sannað á annan hátt, að stefndi hafi undirgengist að greiða félagsmönnum Vélstjórafélags Suðurnesja nefndan orlofskostnað samkvæmt nýmæli því, er fólst í 4. gr. samnings Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands, sem um er deilt í málinu. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hitaveita Suðurnesja, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Vélstjórafélags Suðurnesja, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
